



Prestur:
Séra Hjálmar Jónsson

Organisti:
Jónas Þórir

Kór:
Tónbræður

Umsjón útfarar:
Útfararstofa Reykjavíkur, Ísleifur Jónsson

Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og vinarhug.



Steinunn Jóhanna Ásgeirsdóttir

Fædd 4. ágúst 1951
Dáin 23. nóvember 2022



Útför frá Dómkirkjunni
þriðjudaginn 13. desember 2022

Tónlist leikin á undan athöfn

Forspil
Gabriel's Oboe
Ennio Morricone

Signing og bæn

Fögur er foldin,
heiður er Guðs himinn,
indæl pílagríms ævigöng.
Fram, fram um víða
veröld og gistum
í Paradís með sigursöng.

Kynslóðir koma,
kynslóðir fara,
allar sömu ævigöng.
Gleymist þó aldrei
eilífa lagið
við pílagrímsins gleðisöng.

Fjárhirðum fluttu
fyrst þann söng Guðs englar,
unaðssöng, er aldrei þver:
Friður á foldu,
fagna þú, maður,
frelsari heimsins fæddur er.
Matthías Jochumsson
Þjóðlag frá Schlesiu

Ritningarlestur

Hard to Say I'm Sorry
David Foster / Peter Cetera / Robert Lamm

Guðspjall

Time to Say Goodbye
F. Sartori

Minningarorð

Ó, helga nótt, þín stjarnan blikar blíða
þá barnið Jesús fæddist hér á jörð.
Í dauðamykrum daprar þjóðir stríða
uns Drottinn birtist sinni barnahjörð.
Nú glæstar vonir gleðja hrjáðar þjóðir
því guðlegt ljós af háum himni skín.
Föllum á kné.
Nú fagna himins englar.
Frá barnsins jötu,
blessun streymir blítt og hljótt til þín.
Ó, helga nótt, ó heilaga nótt.

Vort trúarljós, það veginn okkur vísi,
hjá vöggu Hans við stöndum hrærð og klökk,
og kyrrlát stjarna kvöldsins öllum lýsi
er koma vilja hér í bæn og þökk.
Nú konungurinn Kristur, Drottinn fæddist
hann kallar oss í bróðurbæn til sín.
Föllum á kné.
Nú fagna himins englar.
Hjá lágum stalli,
lífsins kyndill ljómafagur skín.
Ó, helga nótt, ó, heilaga nótt.

Sigurður Björnsson - A. Adams

Bæn og Faðir vor

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.
Sveinbjörn Egilsson
P. C. Krossing 1820

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.
Matthías Jochumsson
P. C. Krossing 1820

Moldun

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði,
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristi krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson
Antwerpen 1540/Breytt 1840

Blessun

Eftirspil
Canon
Pachelbel

